



Stefna og áherslur 2025

Lögreglan á Austurlandi

Ábyrgð

Margrét María Sigurðardóttir, lögreglustjóri
Kristján Ólafur Guðnason, yfirlögregluþjónn

Efnisyfirlit

1. Inngangur	3
2. Markmið.....	4
3. Hugmyndafræði	4
4. Framtíðarsýn	4
5. Stefna / áherslur	4
5.1. Samvinna og samskipti	4
5.2. Innra starf	5
5.2.1 Þjálfun – menntun og fl.....	5
5.2.2 Tækjabúnaður	5
5.3. Afbrot og verkefni.....	6
Umferðarmál	6
Ólögleg vímuefni	6
Eftirlit með útlendingum.....	6
Heimilisofbeldi	7
Landamæraeftirlit.....	7
Almannavarnir – náttúruvá	7
6. Viðmið ársins 2025	8
Þjónusta – öryggi	8
Samstarf	8
Helstu brot / verkefni	9
Sýnileiki	10
Frumkvæðislöggæsla	10
Almannavarnir	10
Útlendingamál.....	11
7. Eftirfylgni /umbætur	11
Fylgiskjal – helstu tölur frá árinu 2015 til 2024	12

1. Inngangur

Frá árinu 2020 hefur lögreglan á Austurlandi ritað og kynnt stefnu til næstu tólf mánaða. Stefnan byggir á reynslu fyrri ára, markmiðum og áherslum í málaflokkum sem hún telur mikilvæga. Hún er yfirfarin og metin í lok árs af starfsmönnum embættisins.

Stefnan er gefin út opinberlega á hverju ári. Markmið með opinberri birtingu er að gera störf lögreglunnar sýnileg og skapa umræðu um áherslur hennar og viðmið.

Lykilmarkmið embættisins er að auka öryggi og öryggistilfinningu íbúa. Til að ná því er lögð áherslu á samstarf við hagaðila, markvissa greiningu gagna, sýnilega löggæslu, forvarnir, frumkvæðisvinnu sem og þjálfun og menntun lögreglumanna.

Lögreglan hefur átt afar gott samstarf við stjórnendur og starfsmenn sveitarfélaga umdæmisins og stefnir að auknu samtali við félagasamtök, atvinnulíf og ekki síst íbúa. Þannig leggi hún sitt lóð á vogarskálar við að gera gott samfélag enn betra.

2. Markmið

Lögreglan á Austurlandi stefnir að því að veita bestu þjónustu við íbúa sem völ er á. Það gerir hún með markvissum aðgerðum er byggja á skýrri hugmyndafræði til fækkunar brota og slysa. Þannig nái lögreglan því lykilmarkmiði að auka öryggi og öryggistilfinningu íbúa og þeirra sem starfa og dvelja í umdæminu.

3. Hugmyndafræði

Lögreglan á Austurlandi telur að með áherslu á innra starf og viðvarandi umbótavinnu, sem og með -

- ✓ áframhaldandi þróun samstarfs við stofnanir, félagasamtök, atvinnulíf og íbúa á svæðinu,
- ✓ faglegri tölfræðilegri greiningu á tíðni og þróun tiltekinna brota og verkefna sem gefa góða vísbendingu um stöðu mála almennt,
- ✓ sýnileika hvar sem honum verður við komið,
- ✓ markvissri forvarnarvinnu,
- ✓ markvissri frumkvæðisvinnu og
- ✓ góðri þjálfun og menntun lögreglumanna,

- megi tryggja að þjónusta hennar við íbúa verði eins og best gerist.

4. Framtíðarsýn

Að lögreglan á Austurlandi verði á hverjum tíma tilbúin að takast á við verkefni sín af styrk og fagmennsku. Þannig verði starfsemi hennar og þjónusta hnökralaus og af bestu gæðum.

5. Stefna / áherslur

Hér á eftir er farið stuttlega yfir stefnu næstu tólf mánaða með vísan til reynslu fyrri ára, markmiða og áherslna.

5.1. Samvinna og samskipti

Lögreglan á Austurlandi lítur svo á að samvinna sé lykilþáttur í að ná markmiðum er varða öryggi íbúa og öryggistilfinningu. Því er stefnt að áframhaldandi samstarfi við stjórnendur sveitarfélaga, félagsþjónustu og barnavernd. Aðrar einingar og stofnanir sem teljast til lykilsamstarfsaðila embættisins eru slökkviliðin tvö í umdæminu, svæðisstjórn björgunarsveita á Austurlandi og Veðurstofa Íslands, Heilbrigðisstofnun Austurlands (HSA), Vegagerðin, Rauði krossinn og Almannavarnarvið ríkislögreglustjóra. Gott samstarf þarna á milli verði tryggt með því að fara reglulega yfir sameiginlega snertifleti og leita úrbóta þar sem þeirra er þörf.

Lögreglan mun í störfum sínum leggja áherslu á samvinnu og samtal við stjórnendur í skólum umdæmisins, nemendur þeirra og kennara. Hún stefnir að auknum heimsóknum í félagsmiðstöðvar með það að markmiði að auka samskipti og samstarf við ungmenni á svæðinu.

Lögreglan stefnir að áframhaldandi heimsóknum til stjórnenda og starfsmanna þeirra fjölmörgu öflugum fyrirtækja sem starfa í umdæminu. Þá verði áhersla lögð á virkt samtal við íbúa með reglulegri upplýsingamiðlun á heimasíðu lögreglu, á samfélagsmiðlum og í fjölmiðlum sem og á fundum félaga- og íbúasamtaka eftir því sem tilefni gefst til.

5.2. Innra starf

Leiðarljós í samskiptum er virðing, trúnaður, kurteisi og heiðarleiki.

5.2.1 Þjálfun – menntun og fl.

Lögreglan á Austurlandi býr yfir miklum mannauði sem mikilvægt er að hlúa að. Það gerir hún meðal



annars með áherslu á þjálfun og menntun starfsmanna. Hvorutveggja er brýnt fyrir embætti sem sökum landfræðilegrar legu á langt að sækja í bjargir. Því er mikilvægt að það sé sjálfbært og tilbúið að takast á við öll verkefni er upp geta komið. Þjálfunarstefna embættisins var til að mynda mörkuð í þessu skyni árið 2023.

Menntunarstig hefur smátt og smátt verið að aukast og menntuðum lögreglumönnum að fjölga.

Samvinna deilda og eininga er mikilvæg í stóru umdæmi þar sem starfsemin er dreifð. Hún hefur eflst síðustu ár með markvissum aðgerðum starfsmanna til að auka samstarf bæði í leik og starfi. Þá er kappkostað innan embættisins að tryggja góða upplýsingamiðlun um það sem efst er á baugi hverju sinni.

Áfram verður unnið að því að auka menntun og þjálfun lögreglumanna. Þá verði áhersla

sem fyrr á samstarf innan liðs og milli svæða með það að markmiði að efla starfsmenn og starfsemi embættisins.

5.2.2 Tækjabúnaður

Góður tækjabúnaður er nauðsynlegur lögreglu. Öflugt starfsfólk, vel þjálfað, menntað og framsækið hefur sýnt metnað og framsýni við að leita búnaðar til að bæta sífellt og efla tækjabúnað lögreglu. Þá hafa stjórnvöld og eins sveitarfélög komið myndarlega að málum, svo sem í tengslum við almannavarnir. Sem dæmi um tækjakost hefur lögregla nú yfir að ráða tveimur flygildum sem hafa meðal annars nýst á landsvísu við krefjandi almannavarnaverkefni og stór löggæsluverkefni bæði innan umdæmis og utan.




Fullbúinn tækjabíll var afhentur lögreglu á árinu til nota við landamæraeftirlit og hefur þegar sannað gildi sitt. Þá var ný og fullkomin aðstaða aðgerðastjórnar opnuð á Egilsstöðum á síðasta ári.

Áfram verður haldið á þeirri braut að sækja fram og efla tækjabúnað lögreglu eins og kostur er og embættið þar með.

5.3. Afbrot og verkefni

Umferðarmál

Umferðarslysum í umdæmi lögreglunnar á Austurlandi fækkaði talsvert á síðasta ári frá árinu 2023. Umferðarþungi var þó svipaður milli ára. Á mynd hér til hliðar má sjá að samræmi er all nokkuð milli meðalumferðar annarsvegar, gula línan á myndinni, og fjölda slysa hinsvegar, bláu súlurnar. Undantekning er árið 2015 þegar slys voru óvenju mörg miðað við umferðarþunga og árið 2019 þegar slysum fækkaði talsvert umfram umferðarþunga. Hið sama var svo upp á teningnum á síðasta ári og er vonandi vísbending um jákvæða þróun til næstu ára.



Lögregla mun sem fyrr freista þess að leggja sitt af mörkum til að fækka umferðarslysum. Það gerir hún með -

- markvissri upplýsingamiðlun til íbúa um áherslur hennar í umferðarmálum hverju sinni,
- markvissum tilkynningum til íbúa um varasamar aðstæður og færð á vegum þegar tilefni telst til,
- sýnileika á völdum stöðum og tímum,
- beinum afskiptum þar sem þeirra er þörf og
- áframhaldandi góðu samstarfi við veghaldara; sveitarfélög og Vegagerðina með það fyrir augum meðal annars að leita uppi og greina svokallaða svartbletti vegakerfisins með úrbætur í huga.

Ólögleg vímuefni

Ekki þarf að orðlengja þann skaða sem hlotist getur af neyslu ólöglegra vímuefna, ekki síst meðal ungs fólks. Lögreglan leggur því áherslu á öflugt eftirlit með fíkniefnamisferli hverskonar; vörslu efna, sölu og innflutning. Í því felst meðal annars að strax sé brugðist við upplýsingum og ábendingum um fíkniefnabrot og að rannsóknum sé hraðað.

Vel verði fylgst með niðurstöðum kannana sem framkvæmdar eru árlega af rannsóknarmiðstöðinni Rannsóknir og greining um hagi og líðan ungmenna og þannig reynt að leggja mat á stöðu málaflokksins í umdæminu.

Áfram er stefnt að öflugu eftirliti á landamærum í samstarfi við tollgæslu til að koma í veg fyrir innflutning ólöglegra vímuefna.

Eftirlit með útlendingum

Erlendum ríkisborgurum sem dvelja og starfa hér á landi hefur fjölgað síðustu ár. Lögreglan hefur eftirlitsskyldu að lögum með dvalar- og atvinnuréttindum útlendinga. Áhersla er því lögð á að réttindi séu ávallt könnuð við afskipti af einstaklingum búsettum hér á landi með erlent ríkisfang. Þá stefnir lögreglan sem fyrr að virku vinnustaðaeftirliti í samvinnu við stofnanir sem líkt og lögregla hafa eftirlitshlutverk. Markmiðið er meðal annars að fá skýra mynd af stöðunni í málaflokknum og gera viðeigandi ráðstafanir þar sem þeirra er þörf. Slíkar eftirlitsferðir voru farnar á síðasta ári í samræmi við stefnu embættisins. Var niðurstaðan afar jákvæð að því leyti að fáar brotalamir komu í ljós.

Eftirliti verður fram haldið svo sem verið hefur.

Heimilisofbeldi

Samstarf lögreglu, barnaverndar- og félagsþjónustu hefur verið þétt og öflugt í málaflokknum. Þá hefur markvisst verið unnið að því að fjölga samstarfsaðilum og þekkingu aðila á verklagi, viðbrögðum og úrræðum sem í boði eru. Að slíku auknu samstarfi hefur verið unnið gegnum nýjan vettvang, „Öruggara Austurland“, með aðkomu sýslumannsins á Austurlandi, sveitarfélögunum fjórum, Austurbrú- Sambandi sveitarfélaga á Austurlandi, Austfjarðarprófastsumdæmis, Heilbrigðisstofnun Austurlands (HSA), Menntaskólans á Egilsstöðum, Verkmenntaskóla Austurlands, Ungmenna- og Íþróttasambands Austurlands og lögreglu. Er það von allra er að koma að samstarf sem þetta megi verða til að efla enn forvarnir og þá þjónustu sem hægt er að veita þeim sem um sárt eiga að binda vegna heimilisofbeldis.

Landamæraeftirlit

Eftirlit á landamærum er stækkandi þáttur í starfsemi lögreglunnar á Austurlandi með fjölgun ferðamanna. Skemmtiferðaskipum fjölga sem leggja að í fjórðungnum og landingum einkaflugvéla á Egilsstaðaflugvelli einnig. Á sama tíma eru alþjóðlegar kröfur um landamæraeftirlit að verða ríkari, eftirlitið sérhæfðara og búnaður til eftirlits meiri og flóknari. Brugðist hefur verið við með aukinni menntun og þjálfun lögreglumanna auk þess sem unnið er að fjölgun lögreglumanna í málaflokknum.

Áfram verður haldið á þeirri braut.

Almannavarnir – náttúruvá

Lögreglan á Austurlandi hefur verið í reglulegu og góðu samstarfi við lykilaðila, hvort heldur innan umdæmis eða utan, er varða samhæfð viðbrögð og úrræði vegna hættu- og neyðarástands sökum náttúruvá. Þar hafa unnið þétt saman fulltrúar sveitarfélaganna fjögurra í umdæminu, svæðisstjórn björgunarsveita á Austurlandi, Rauða krossins, slökkviliðanna tveggja, Heilbrigðisstofnunar Austurlands (HSA), Vegagerðarinnar og almannavarnarviðs ríkislögreglustjóra.

Fjöldmörg stór verkefni hafa komið upp á síðustu árum er tengjast almannavörnum og nærtækt að líta til snjóflóða og skriðufalla sem og óveðra er gengið hafa yfir fjórðunginn. Þá eru auknar áhyggjur af gróðureldum með útbreiðslu kjarr- og skóglendis innan þéttbýlis og í fjölmönnum sumarhúsabyggingum.

Til að tryggja samhæfingu eininga og skilvirkni hittist almannavarnarnefnd Austurlands reglulega þar sem farið er yfir brýn verkefni. Þá eru tveir vinnuhópar starfandi undir almannavarnarnefnd er sinna meðal annars áhættumati á helstu ferðamannastöðum, rýni og ritun viðbragðsáætlana og fleira. (Sjá meðal annars fundargerðir almannavarnarnefndar sem aðgengilegar eru á vef lögreglu, - [Almannavarnarnefnd | Lögreglan](#))

Æfingar viðbragðsaðila eru haldnar á tveggja til þriggja mánaða fresti og miða að því að tryggja snurðulausa framkvæmd aðgerða þegar náttúruvá ber að höndum eða hún yfirvofandi.

Starfsmaður var í fyrra ráðinn tímabundið til að ljúka brýnum verkefnum á vegum almannavarna í fjórðungnum. Standa vonir til að svigrúm skapist til áframhaldandi ráðningar.

Áfram verður haldið á þessari braut með það að markmiði að styrkja almannavarnir sem mest í umdæminu.



6. Viðmið ársins 2025

Töluleg viðmið eru notuð til að greina breytingar í tilteknum lykilmálaflokkum og gefa tilefni til að leita skýringa og lausna ef rauntölur víkja langt frá viðmiðum. Tölur eru rýndar mánaðarlega í því skyni.

Mælingar og töluleg viðmið hvers atriðis sem mælt verður árið 2025 má finna hér fyrir neðan sem og niðurstöður síðasta árs.

Þjónusta – Öryggi

Áherslur / stefna	Mælingar	Töluleg viðmið 2025	Niðurstöður ársins 2024
Stefnt er að því að veita þeim sem búa, starfa og dvelja í umdæminu bestu mögulegu þjónustu í samræmi við hlutverk hennar og áherslur. Þannig setur hún markmið um að hlutfall þeirra sem telja lögregluna á Austurlandi skila góðu starfi verði ekki undir 90%.	Viðhorfskönnun Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands til þjónustu og starfa lögreglu / Ríkislögreglustjórinn	90%	84,10%
Lögreglan á Austurlandi stefnir að því með störfum sínum að treysta öryggi og öryggistilfinningu þeirra sem búa starfa og dvelja í umdæminu. Þannig setur lögreglan á Austurlandi markmið um að hlutfall þeirra sem telja sig mjög eða frekar örugga í umdæminu verði ekki undir 95%.	Polendakönnun lögreglu (Reynsla landsmanna af afbrotum og öryggistilfinning íbúa /Ríkislögreglustjórinn.)	95%	94,40%

Samstarf

Áherslur / stefna	Mælingar	Töluleg viðmið 2025	Niðurstöður ársins 2024
Stefnt er að áframhaldandi samstarfi við stofnanir á svæðinu, félagasamtök og fl.	Metið meðal samstarfsaðila í lok árs hvernig til hefur tekist. Greinargerð rituð um það hvað gekk vel og hvað megi bæta.	Metið verði í lok árs 2025 hvernig til tókst og næstu skref ákveðin.	Unnið var í samræmi við stefnu ársins og greinargerð rituð

Helstu brot / verkefni

Áherslur / stefna	Mælingar	Töluleg viðmið 2025	Niðurstöður ársins 2024
Að fjöldi hegningarlagabrota, með vísan til áherslna og stefnu lögreglu, verði ekki umfram viðmið. (Töluleg viðmið fylgja mælikvörðum er settir voru í þriggja ára áætlun embættisins fyrir árið 2025 og taka mið af meðaltali síðustu ára.)	Lögreglakerfið LÖKE	113	115
Að fjöldi umferðarslysa, með vísan til áherslna og stefnu lögreglu, verði ekki umfram viðmið. (Töluleg viðmið fylgja mælikvörðum er settir voru í þriggja ára áætlun embættisins fyrir árið 2025 og taka m.a. mið af meðaltali síðustu ára.)	Lögreglakerfið LÖKE	40	32
Að fjöldi skráðra heimilisofbeldismála, með vísan til áherslna og stefnu lögreglu, verði ekki umfram viðmið. (Töluleg viðmið fylgja mælikvörðum er settir voru í þriggja ára áætlun embættisins fyrir árið 2025 og taka m.a. mið af meðaltali síðustu ára.)	Lögreglakerfið LÖKE	23	24
Fylgst verði með þróun í fjölda/hlutfalli barna og ungmenna sem segjast hafa notað vímuefna borið saman við tölur síðustu ára.	Rannsóknarmiðstöðin Rannsóknir og greining (R&G)	Óbreytt eða betri staða miðað við síðustu ár	Tölur eru svipaðar þeim sem hafa verið síðustu ár, - óbreytt

Sýnileiki

Áherslur / stefna	Mælingar	Töluleg viðmið 2025	Niðurstöður ársins 2024
Reglulegar upplýsingar um áherslur lögreglu hverju sinni og þróun brota og verkefna skráðar reglulega á vefmiðla lögreglu, eigi sjaldnar en á fjögurra mánaða fresti. (Heimasíða og samfélagsmiðlar.)	Fjöldi skráninga lögreglu á netmiðla í tengslum við þetta verkefni	Upplýsingar um helstu tölur lögreglu, afbrot og verkefni, sendar að minnsta kosti þrisvar sinnum á ári frá lögreglu til fjölmiðla og á heimasíðu lögreglu/fésbók	Helstu tölur voru kynntar í samræmi við viðmið sem sett voru fyrir árið 2024
Að tryggja sýnileika lögreglu, ekki síst við skóla og á fjölförnum vegum og vegarköflum þar sem slys hafa verið tíð. Slíkt eftirlit verði skráð í LÖKE til upplýsingar og eftirfylgni. Stefnt skal að því að hlutfall íbúa sem sjá lögreglubíl oftast en sinni í viku verði ekki undir 70%.	Viðhorfskönnun Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands til þjónustu og starfa lögreglu	70%	48%

Frumkvæðislöggæsla

Áherslur / stefna	Mælingar	Töluleg viðmið 2025	Niðurstöður ársins 2024
Gert ráð fyrir að skráð umferðarlagabrot verði svipuð að fjölda og þau voru að meðaltali á árunum 2020 til 2024	Lögreglakerfið LÖKE	1230	1045
Með auknu eftirliti er gert ráð fyrir fjölgun skráðra fíkniefnabrota frá síðasta ári og þau verði svipuð að fjölda og þau voru að meðaltali árin 2020 til 2024.	Lögreglakerfið LÖKE	25	15

Almannavarnir

Áherslur / stefna	Mælingar	Töluleg viðmið 2025	Niðurstöður ársins 2024
Unnið að því að skerpa línur, verklag og samstarf með því að viðbragðsaðilar hittist reglulega, eigi sjaldnar en á þriggja mánaða fresti til æfinga og kynninga.	Lögreglakerfið LÖKE	4	4

Útlendingamál

Áherslur / stefna	Mælingar	Töluleg viðmið 2025	Niðurstöður ársins 2024
Til að tryggja yfirsýn yfir málaflokkinn, hvað varðar m.a. heimild til dvalar og atvinnu en einnig eftirliti er varðar mögulegt mansal og réttindi útlendinga er hér starfa, verði reglulegar eftirlitsferðir farnar í fyrirtæki og á vinnusvæði til skoðunar þessa, eftir atvikum með samstarfsaðilum eins og Vinnueftirlits og / eða Ríkisskattstjóra	Fjöldi vinnustaðaheimsóknaskráningar í LÖKE	12	10

7. Eftirfylgni /umbætur


Lögreglan á Austurlandi mun kynna megin niðurstöður er varða þróun brota og valinna verkefna sem nefnd eru í kafla sex hér að framan á heimasíðu lögreglunnar, samfélagsmiðlum og til fjölmiðla í byrjun næsta árs.

Hún mun sem fyrr kynna samstarfsaðilum helstu niðurstöður með það að markmiði að bæta það sem betur má fara og efla það sem vel er gert. Þeirri vinnu ljúki í janúar áður en stefna ársins 2026 verður kynnt.


Þá mun umbótagópur, sem allir starfandi lögreglumenn á svæðinu heyra til, koma saman eigi síðar en í janúar á næsta ári og rýna stefnumörkunina. Markmiðið er að meta hvernig til tókst og ákveða framhaldið.

Fylgiskjal – helstu tölur frá árinu 2015 til 2024


Hegningarlagabrot




Eignaspjöll




Auðgunarbrot



Ofbeldisbrot



Kynferðisbrot




Gögn síðast uppfærð:

Thursday, January 02,

2025 er við tíma sem málið var skráð.


Umferðarlagabrot (án hraðamyndavéla)




Hraðakstur (án hraðamyndavéla)




Ölvun við akstur




Fíkniefnaakstur




Sviptingarakstur - réttindaleyfi



Fíkniefnamál



Umferðarslys



Heimilisofbeldi

● Ágreiningur milli skyldra/tengdra ● Heimilisofbeldi

